

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 133. fundur haldinn mánudaginn 29. ágúst 2016 á hótél Húsafelli.

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson, fulltrúi Kirkjuþings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir Minjastofnunar Ísl. sem ritaði fundargerð.

Auk fundar ráðsins sem haldinn var á hótelinu á Húsafelli var deginum varið í heimsóknir í kirkjugarða í Borgarfirði. Byrjað var á því að heimsækja kirkjugarðinn í Borgarnesi þar sem sóknarnefndarformaður ásamt umsjónarmanni kirkjugarðsins og kirkjuverði tóku á móti okkur og útskýrðu fyrir okkur þær gagngeru endurbætur og stækkun kirkjugarðs sem nýlega er lokið. Gerð var ný aðkoma og bílastæði fyrir kirkjugarðinn, lagðar nýjar drenlagnir, garðurinn endurgirtur og útbúinn duftreitir. Frá Borgarnesi var haldi í Húsafell þar sem fundað var (sjá dagskrá hér að neðan). Þegar fundinum lauk var farið á Húsafelli þar sem Páll Guðmundsson tók á móti okkur og sýndi okkur safnið sitt, kirkjuna og væntanlegt legsteinasafn. Næst var haldið að Reykholti þar sem sóknarpresturinn sr.Geir Waage tók á móti sýndi framkvæmdir við stækkun garðsins og grjóthleðslu sem umlykur hana. Að lokum var komið við á Hvanneyri þar sem sóknarnefnd og sóknarprestur tóku á móti okkur með kaffi og vöfflum í þjónustuhúsi kirkjunnar og garðsins. Þaðan var síðan haldið og út í kirkjugarðinn þar sem kynntar voru fyrirhugaða framkvæmdi við stækkun og afmörkunar garðsins. Komið var til Reykjavíkur kl. 18.:30.

Dagskrá fundar á Húsafelli:

### 1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13.50 og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

### 2. Kirkjugarðafrumvarpið - breytingartillögur.

Ragnhildur Benediktsdóttir fór yfir frumvarpið.

### 3. Næsti fundur.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 13. október.

### 4. Önnur mál

Fundi slitið kl. 13:15

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari